



Aðalfundargerð 2018

Aðalfundurinn fór fram 10. október á Hilton Reykjavík Nordica og hófst fundurinn kl. 12:15. Löglega var boðað til fundarins. Alls voru 25 fulltrúar mættir, auk þriggja stjórnarmanna og Helgu Guðrúnar Jónasdóttur, starfsmanns samtakanna. Á dagskrá fundarins er:

1. Skýrsla stjórnar
2. Ársreikningar
3. Starfs- og fjárhagsáætlun samtakanna ásamt ákvörðun um árgjöld og þóknun stjórnar
4. Lagabreytingar
5. Kosning formanns stjórnar, annarra stjórnarmanna og varastjórnar til tveggja ára
6. Kosning tveggja skoðunarmanna og tveggja til vara til tveggja ára
7. Önnur mál

Gauti Jóhannesson, formaður samtakanna bauð aðalfundarfulltrúa velkomna og lagði síðan til að Helga yrði fundarstjóri og Anna Lind ritari. Var það samþykkt samhljóða. Helga þakkar fyrir og gefur Gauta orðið um skýrslu stjórnar. Fór hann yfir skýrsluna í grófum dráttum. Helga leggur til að ársreikningar verði teknir fyrir áður en orðið verði gefið laust skýrslu stjórnar og er það samþykkt einróma. Páll Björgvin Guðmundsson kynnir ársreikninginn, ásamt starfs- og fjárhagsáætlun í grófum dráttum. Góð staða og voru árgjöld lækkuð í bili á síðasta kjörtímabili vegna þess. Með hliðsjón af því leggur stjórnin til að útgjöld verði aukin til kynningarmála og aðkeyptrar sérfræðivinnu á næsta kjörtímabili, eins og fjárhagur samtakanna leyfi og í samræmi við samþykktir samtakanna. Páll þakkar fyrir sig þar sem hann hefur verið í stjórninni síðan 2012 en er nú að hætta.

Helga leggur fram nokkur eintök af ársreikingum þar sem búið er að uppfæra áður kynnta starfs- og fjárhagsáætlanir fyrir 2019-2020 til samræmis við tillögu stjórnar um aukin umsvif, og gefur því næst kost á umræðu um skýrslu stjórnar og ársreikningana. Jón Páll Hreinsson, bæjarstjóri Bolungarvík, biður um orðið og þakkar fráfarandi stjórn góð störf. Engin óskaði að taka frekar til máls og var skýrsla stjórnar, ársreikningar og starfs- og fjárhagsáætlanir samþykkt með lófaklappi.

Gauti tekur til máls undir 3 lið dagskrár og fer yfir það sem út af stendur, árgjöld og þóknun stjórnar. Leggur til að í báðum tilvikum verði um óbreytt gjöld og þóknun að ræða. Jón Páll tekur til máls um þátttökugjöldin og bendir á atriði sem þarfnast leiðréttingar og koma munu til hækkunar á árgjöldunum. Ekki fleiri sem taka til máls um þennan dagskrárlíð, og voru tillögur um árgjöld og þóknun samþykkt samhljóða.

Helga leggur til að liður 4 falli niður, þar sem engar tillögur að lagabreytingum hafi borist og að liðir fimm og sex verði teknir saman þ.e. kosning stjórnar og skoðunarmanna. Fundarstjóri gefur Gauta orðið og kemur m.a. fram í máli hans að sex af sjö stjórnarmönnum séu ýmist ekki kjörgengir eða gefi ekki kost á

sér þar sem nýr meirihluti hafi tekið við völdum í sveitarfélagi þeirra. Gauti kynnrir því næst tillögu stjórnar að nýrri stjórn: Gauti Jóhannesson Djúpavogi, formaður, Rebekka Hilmarsdóttir Vesturbyggð, Baldur Smári Bolungarvík, Liv Aase Skarstad Akraneskaupstað og Fannar Jónasson Grindavík, sem aðalmenn. Varamenn eru tilnefndir Karl Óttar Pétursson Fjarðabyggð, Guðbjörg Bergmundsdóttir Súðavíkurbæ og Þorgeir Pálsson Strandabyggð.

Helga ber upp tillögu að nýrri stjórn. Engin býður sig fram eða gerir athugasemd við tillöguna og er hún samþykkt samhljóða með lófaklappi. Einnig eru skoðunarmenn stjórnar endurkjörnir með lófaklappi, Jón Þórisson Grindavíkurbæ og Jóhannes Á. Jóhannesson, Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Síðasti liðurinn er önnur mál og Helga gefur Gauta orðið. Hann leggur fram tillögu stjórnar að ályktun fundarins. Nokkrar umræður eiga sér stað um ályktunina og berast tvær breytingartillögur sem fundarstjóri ber upp.

Sú fyrri er frá Þorgeiri Pálssyni, sveitarstjóra Strandabyggð, sem leggur til að við textann bætist „... og skerpa jafnframt á því hvar ábyrgð hins opinberra liggur hverju sinni.“ Er það samþykkt samhljóða.

Sú síðari frá Bryndísi Sigurðardóttur, sveitarstjóra Tálknafjarðarhreppi, sem leggur til að í stað „á sunnanverðum Vestfjörðum“ komi „á landinu öllu“. Er það einnig samþykkt samhljóða.

Þá var að tillögu Jakobs Björgvins Jakobssonar, bæjarstjóra í Stykkishólmi, samþykkt samhljóða að fella úr textanum „hinu opinbera“ og nota í stað þess „ríkisvald“.

Er að því búnu eftirfarandi ályktun samþykkt samhljóða:

Aðalfundur Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga, haldinn á Hilton Hotel Nordica, Reykjavík, miðvikudaginn 10. október 2018, samþykkir eftirfarandi ályktun:

Samtök sjávarútvegssveitarfélaga fagna því að samstaða náðist í gær á Alþingi um lagasetningu til að létta tímabundið á óvissu um fiskeldisstarfsemi á landinu öllu, en lýsa jafnframt yfir þungum áhyggjum af þeirri stöðu sem upp er komin í kjölfar niðurstöðu úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Sú óvissa sem enn er uppi hefur gríðarleg áhrif á rekstur og fjármögnunarmöguleika innan greinarinnar auk þess sem þeirri jákvæðu byggðapróun sem fylgt hefur fiskeldinu er stefnt í tvisýnu. Undanfarna áratugi hafa byggðarlögin sem um ræðir, glímt við viðvarandi fólksfækkun og einhæfni í atvinnulífi. Með núverandi ástandi er sóknarfærum þeirra og framtíðarmöguleikum til uppbyggingar stefnt í voða. Samtök sjávarútvegssveitarfélaga, sem að standa 27 sveitarfélög, skorar á stjórnvöld að taka lög, reglur og alla málsmeðferð varðandi málaflokkinn til gagnerrar endurskoðunar með það fyrir augum að tryggja starfsfrið og fyrirsjáanleika í atvinnuuppbyggingu til lengri framtíðar og skerpa jafnframt á því hvar ábyrgð liggur hverju sinni. Aðalfundurinn minnr á að fram til þessa hefur ríkt sátt um skiptingu landsins í fiskeldissvæði meðfram ströndum þess. Mikilvægt er að sú sátt haldi þannig að hægt verði vinna markvisst að áframhaldandi uppbyggingu á sjálfbærnu fiskeldi innan þeirra svæða, þar sem gert hefur verið ráð fyrir að slík starfsemi sé leyfileg.

Þá biður Jóni Páll enn um orðið og leggur fyrir fundinn skriflega tillögu sem er svohljóðandi:

Undanfarin ár og áratugi hefur línuvinnun staðið undir fjölda starfa í mörgum sjávarútvegssveitarfélögum og hefur verið forsenda þess að útgerð á handbeitta línu hefur yfir höfuð átt sér stað.

Breyttar forsendur og ytri aðstæður í umhverfi útgerða í krókaflamarki hafa leitt til fækkunar útgerða sem gera út á handbeitta línu og hefur bátum með beitningavélar fjölgað undanfarin ár og njóta þannig ekki línuívilnunar.

Allt bendir til þess að handbeitning á línu fari verulega minnkandi á næstu árum og hverfi jafnvel þegar fram líða stundir. Það liggur í augum uppi að án útgerðar á handbeitta línu eða uppstokkunar í landi, þá mun línuívilnun falla niður dauð.

Það var skýr vilji stjórnvalda, allt frá því að línuívilnun var fyrst sett á árið 2003, að ívilna þessu útgerðaformi til að stuðla að aukinni atvinnu í sjávarbyggðum. Þörfin fyrir þessa ívilnun er enn fyrir hendi og það löng og bitur reynsla sjávarútvegssveitarfélaga að þegar störfin hverfa, þá hverfur fólk með.

Línuívilnun er hluti af svokölluðum 5,3% potti í heildaraflamarki sem ákveðið er fyrir hvert fiskveiðiár og ætlað til „frádráttar fyrir jöfnunaraðgerðir“. Byggðarkvóti er t.a.m. hluti af sama potti. Samkvæmt hugmyndum starfshóps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra um endurskoðun á framtíðarskipan byggðakvóta, sem skilaði lokaskýrslu í júní 2017, koma fram tillögur um að byggðakvóta væri hægt að úthluta til allt að 10 ára, m.a. til sjávarbyggða með beinum samningum. Slíkt getur líka átt við um línuívilnun.

Ég skora á stjórn samtaka sjávarútvegssveitarfélaga að beita sér fyrir því að línuívilnun falli ekki niður og aflamarkið sem nú er úthlutað í línuívilnun, verði úthlutað til sveitarfélaga sem nýti það til að búa til ný störf í stað þeirra sem tapast.

Fundarstjóri leggur til að tillögunni verði vísað til nýkjörinnar sjórnar og er það samþykkt samhljóða. T

Guðmundur Ísafjarðarbæ spyr um fjármagnið sem fara á í kynningarmál hvort búið sé að ákveða eitthvað þar um en Páll útskýrir að þetta sé ákvörðun nýrrar stjórnar, hvað verði gert.

Fleira ekki gert og þakkar fundarstjóri öllum fyrir komuna. Gauti biður nýja stjórnarmenn að hinkra, svo halda megi fyrsta fund stjórnar.

Fleira ekki gert og er fundi slitið kl. 13:20.

Anna Lind Ragnarsdóttir